

Nr. 042 / 15 Bára KE 131**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7298 IMO nr. 0
Smíðaður: Hafnarfirði 1991, plast
Stærð: 3,82 brl. 4,15 bt.
Mesta lengd: 8,40 m Skráð lengd: 7,80 m
Breidd: 2,20 m Dýpt: 1,19 m
Vél: Yanmar 38 kW 1991
Fjöldi skipverja: 1



Bára ©skip.is

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþráði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. apríl 2015 var Bára KE 131 á útleið frá Keflavík. Veður: NNA 5-7 m/sek

Þegar báturinn var staddur skammt austur af Garðsbryggju gaf aðvörunarkerfi aðalvélarinnar til kynna að smurolúþrýstingur hefði fallið og stöðvaði skipstjóri þá vélina. Við athugun kom í ljós olíusmit öðru megin við vélina og óskaði hann eftir aðstoð.

Vegna reks að landi var akkerum varpað á meðan beðið var eftir aðstoð. Lóðsbáturinn Auðunn dró Báru til Keflavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að smurolúsían hafði skrúfast laus og farið að leka með samsetningunni;
- að engar skemmdir urðu á vélbúnaði við atvikið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.